

krafið er til þingfestingardags, 28. nóvember 1985, og með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 50.000,00. Málskostnaður er ákvarðaður með hliðsjón af gjaldskrá Lögmannafélags Íslands miðað við höfuðstól dómkröfu stefnanda, sbr. dóm Hæstaréttar í 56. bindi bls. 346.

Dóm þennan kváðu upp Eggert Óskarsson, borgardómari, og meðdómsmennirnir Kristinn R. Sigurjónsson, trésmiðameistari, og Vífill Oddsson, verkfræðingur.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Sigurður Georgsson, greiði stefnanda, Sigurði Sigurðssyni, kr. 230.500,00 með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 150.000,00 frá 15. október 1984 til 15. janúar 1985, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 230.500,00 frá 15. janúar 1985 til 21. mars 1985, en með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 20. maí 1985, en með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. október 1985, en með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 28. nóvember 1985, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 50.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. maí 1987.

Nr. 151/1987. **Gísli Petersen**

gegn

Erlu Pétursdóttur

Kærumál. Búskipti. Hjón.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Með kæru 22. apríl 1987, sem barst Hæstarétti 11. þ.m., hefur sóknaraðili með heimild í 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur 9. apríl 1987. Krefst

hann þess aðallega, að úrskurður skiptaréttar um að fella niður skiptameðferð á búi hans og varnaraðila verði felldur úr gildi, og til vara að hrundið verði úrskurði skiptaréttar um að ekki skuli leggja til grundvallar við skipti á búi aðila samning þeirra frá 26. nóvember 1986.

Frá varnaraðila hafa engar kröfur borist.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 9. apríl 1987.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 9. mars 1987.

Sóknaraðili, Gísli Petersen, nafnnr. 2171-1578, Sörlaskjólí 72, Reykjavík, krefst þess aðallega að synjað verði fram kominni kröfu um að bú sitt og varnaraðilja verði tekið til opinberra skipta, en til vara, verði ekki á þessa kröfu fallist, að til grundvallar skiptum á búinu verði lagður samningur aðilja á dómskjali nr. 4, dags. 26.11. 1986. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðilja samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Varnaraðili, Erla Pétursdóttir, nafnnr. 2171-1578, Melhaga 18, Reykjavík, krefst þess að bú sitt og sóknaraðilja verði tekið til opinberra skipta og að við þau skipti verði „eignum skipt að jöfnu skv. 18. gr. laga nr. 20/1923 og því þar með hafnað að til grundvallar skiptunum verði lagður „samningur“ nefndra aðilja á dómskjali nr. 4.“ Einnig krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

II.

Hinn 24. nóvember 1986 var við embætti yfirborgardómarans í Reykjavík tekin fyrir krafa varnaraðilja um skilnað að borði og sæng við sóknaraðilja. Sóknaraðili var ekki viðstaddur við þessa fyrirtöku, en með varnaraðilja mætti lögmaður. Var þar m.a. bókað, í stórum dráttum um það, hverjar helstu eignir búins séu, svo og sú krafa konunnar, að búskiptum verði þegar vísað til skiptaréttar Reykjavíkur. Meðferð málsins hjá yfirborgardómara

var síðan frestað, en hinn 17. desember 1986 mætti sóknaraðili þar til þess að tjá sig um fram komnar kröfur varnaraðilja um hjónaskilnað. Við þá fyrirtöku var enginn mættur af hálfu varnaraðilja. Þá var m.a. bókað: „...Eiginmaðurinn tekur fram að hann hefði viljað ná sáttum við konu og samkomulagi um eignaskipti og greiðslu skulda. Eiginmaðurinn segir að þau hjónin hafi gert bréfllegt samkomulag, dags. 17. nóvember sl. um eignaskipti en lögmaður konu vill ekki fallast á það fyrir hennar hönd...“ Eftir þessa fyrirtöku málsins sendi yfirborgardómari skiptarétti Reykjavíkur málið til meðferðar að því er búskiptin varðar.

Með bréfi dagsettu 15. janúar óskaði varnaraðili eftir því, að bú hennar og sóknaraðilja yrði tekið til opinberra skipta vegna hjónaskilnaðarins. Var sú krafa tekin fyrir í skiptarétti Reykjavíkur hinn 11. febrúar 1987. Í því þinghaldi lagði lögmaður sóknaraðilja fram nokkur skjöl, þar á meðal skjal, sem dagsett er 26. nóvember 1986 og er meginmál þess svohljóðandi:

„Gísli Petersen og Erla Pétursdóttir hafa þann 26-11- '86 gert með sér samning um skiptingu eigna og fjárfélags.

Gísli Petersen yfirtekur í sinn hlut Seilugranda 3, íbúð 1-5, (5 herb. 127 fm, geymsla 4 fm, bílskýli.)

Allar þær skuldir sem á hvíla íbúð 1-5, Seilugranda, m.t. Húsnæðismála-stjórnunarlán, Lífeyrissjóðslán VR, sem er á nafni Erlu Pétursdóttur, lðju, nafni Gísla Petersen.

Skipting lausaskulda skiptist til helminga.

Erla Pétursdóttir yfirtekur innbú að Melhaga 18, Reykjavík.“

Skjal þetta er undirritað af báðum málsaðiljum.

Í þessu þinghaldi var því lýst yfir af hálfu sóknaraðilja að hann gerði ekki kröfu til þess að synjað verði um töku búins til opinberra skipta á þeim grundvelli að samningur um eignaskipti hafi komist á með aðiljum, en þess væri á hinn bóginn krafist að samningurinn á dskj. nr. 4 verði lagður til grundvallar skiptum á búinu. Þeirri kröfu var þegar mótmælt af hálfu varnaraðilja og krafist skipta á grundvelli svokallaðrar helmingaskiptareglu. Í þessu þinghaldi var rekstur máls þessa ákveðinn.

Í þinghaldi hinn 20. febrúar 1987 var lögð fram greinargerð sóknaraðilja og kröfugerð hans þá breytt frá því sem áður hafði verið bókað, í það horf sem lýst er í kafla I hér að framan, og hefur af hálfu varnaraðilja ekki verið hreyft neinum andmælum við þeirri breytingu.

III.

Aðalkrafa sóknaraðilja er á því reist að fullt samkomulag hafi orðið um skipti eigna málsaðilja með samningi þeim sem lagður er fram sem dóm-skjal nr. 4. Slíkt samkomulag megi að vísu ógilda samkvæmt 54. gr. laga

nr. 60/1972, að uppfylltum þeim skilyrðum, sem í því ákvæði greinir, en slík ógilding hafi ekki átt sér stað. Vísar sóknaraðili í þessu sambandi til Hrd. 1980, bls. 1451 og þeirra sjónarmiða sem þar séu sett fram og telur ekki vera fyrir hendi skilyrði til opinberra skipta á búi málsaðilja.

Varakrafa sóknaraðilja er á því reist að komist hafi á gildur og gagnkvæmur samningur um eignaskipti milli aðilja og að sá samningur taki til allra eigna búans og skulda. Aðiljar hafi gert þennan samning í beinu samhengi við hjónaskilnaðinn og hvorugt þeirra farið í grafgötur um efni hans og undirritað hann með fúsum og frjálsum vílja. Varnaraðilja hafi að öllu leyti verið kunnugt um allar eignir búans og fjárhæð skulda þess og þannig verið það fyllilega ljóst, að samkvæmt samningnum kæmi nokkru meira í hlut sóknaraðilja en varnaraðilja. Um þetta hafi aðiljar haft fullt samningsfrelsi og allar staðreyndir í því sambandi legið ljósar fyrir. Til hafi staðið að staðfesta samkomulag þetta fyrir yfirvaldi í tengslum við meðferð á beiðni aðilja um skilnað, en til þess hafi þó ekki komið þar sem lögmaður varnaraðilja hafi ráðið henni frá því að staðfesta samninginn og krefjast helmingaskipta á búinu.

Sóknaraðili heldur því og fram að ákvæði 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923 sé því ekki til fyrirstöðu að hægt sé að leggja samninginn á dskj. nr. 4 til grundvallar við skipti á búi málsaðilja. Vísar hann í því sambandi til 49. gr. sömu laga, svo og til 55. gr. laga nr. 60/1972.

Að því er aðalkröfu sóknaraðilja varðar eru kröfur varnaraðilja á því reistar að fyrir liggi beiðni varnaraðilja um lögskilnað við sóknaraðilja. Það sé óundanþægt skilyrði lögskilnaðar samkvæmt 45. gr. laga nr. 60/1972, að aðiljar hafi staðfest samning um eignaskipti fyrir yfirvaldi eða vísað búskiptum til opinberra skipta. Krafa um opinber skipti sé því óhjákvæmileg, þar sem ekki liggi fyrir samningur um eignaskipti er uppfylli það skilyrði laga nr. 60/1972 að hafa verið staðfestur af aðiljum fyrir yfirvaldi.

Að því er varðar varakröfu sóknaraðilja heldur varnaraðili því fram, að samningurinn á dskj. nr. 4 hafi ekkert gildi að lögum, þar sem hann hafi ekki verið staðfestur fyrir yfirvaldi. Vísar varnaraðili í þessu sambandi til 45. gr. laga nr. 60/1972. Þá sé „samningurinn“ á dskj. nr. 4 bersýnilega ósanngjarn í garð varnaraðilja og verði því að líta á hann sem óskuldbindingu fyrir hana samkvæmt 54. gr. laga nr. 60/1972. Varnaraðili heldur því einnig fram, að með vísan til 3. kafla laga nr. 7/1936 sé umræddur löggerningur ógildur.

Málsaðiljar hafa bæði komið fyrir réttinn og gefið aðiljaskýrslur í málinu.

IV.

Krafa sóknaraðilja um að synjað verði um að taka bú málsaðilja til opinberra skipta fyrst fram í næsta þinghaldi eftir að opinber skiptameðferð

á búinu byrjaði í skiptarétti Reykjavíkur. Verður því að skýra aðalkröfu sóknaraðilja svo, að hann krefjist þess að skiptameðferð á búinu verði felld niður. Ljóst er að til þess að lögskilnaðarleyfi verði gefið út þarf samkvæmt 45. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar nr. 60/1972 (sic) varðandi fjárskipti annað tveggja að hafa gerst, að aðiljar hafi staðfest samning um skilnaðarkjör eða að skiptum hafi verið vísað til skiptaréttar. Óumdeilt er að aðiljar hafa ekki staðfest slíkan samning fyrir yfirvaldi, og er af þeim sökum óhjákvæmilegt að fram fari opinber skipti á búinu samkvæmt fram kominni kröfu þar að lútandi. Verður því ekki á það fallist, að búið hafi ranglega verið tekið til opinberra skipta eða að fella eigi þegar byrjaða skiptameðferð þess niður af öðrum ástæðum.

Kemur þá til skoðunar hvort haga skuli skiptum á búinu á þann hátt er yfirlýsingin á dskj. nr. 4 ráðgerir, en ekkert þykir vera því til fyrirstöðu að úr því atriði sé skorið í sama máli og um hið fyrra atriði, enda enginn ágreiningur með aðiljum um það hvaða eignir sé hér um að ræða né um önnur þau atriði sem máli þykja skipta í þessu sambandi.

Samkvæmt áðurnefndri 45. gr. 60/1972 skal yfirvald reyna að koma á samkomulagi milli hjóna m.a. um skilnaðarskilmála, áður en veitt er leyfi til skilnaðar að borði og sæng eða til lögskilnaðar. Jafnframt er áskilið í ákvæði þessu, að hjón skuli staðfesta samkomulag um þessi efni fyrir yfirvaldi. Verður að skýra síðastgreint ákvæði þannig, að samningur aðilja, sem gerður er í tengslum við umsókn um leyfi til hjónaskilnaðar, verði ekki endanlega skuldbindandi fyrir aðilja fyrr en viðkomandi hefur staðfest hann fyrir yfirvaldi.

Óumdeilt er í málinu, að áður en sáttaumleitunum yfirvalds með málsaðiljum í tilefni af væntanlegum hjónaskilnaði þeirra lauk, hafði varnaraðili lýst yfir því, að hún teldi sig ekki skuldbundna af yfirlýsingunni á dskj. nr. 4. Hefur yfirlýsing þessi ekki orðið skuldbindandi samningur fyrir varnaraðilja, og verður hún þegar af þeirri ástæðu ekki sem samningur lögð til grundvallar skiptum á búi m álsaðilja.

Samkvæmt framangreindu eru niðurstöður máls þessa þær að hafnað er kröfum sóknaraðilja um niðurfellingu skiptameðferðar á búi málsaðilja, og einnig er hafnað kröfum hans um að yfirlýsingin á dskj. nr. 4 verði lögð til grundvallar skiptum á búinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor málsaðilja beri sinn kostnað af máli þessu.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðilja, Gísla Petersen, um að felld verði niður skiptameðferð á búi hans og varnaraðilja, Erlu Pétursdóttur, er hafnað.

Kröfu sóknaraðilja um að yfirlýsing á dskj. nr. 4 verði sem skuldbindandi samningur lögð til grundvallar skiptum á búi hans og varnaraðilja er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 20. maí 1987.

Nr. 203/1986. **Bæjarsjóður Seltjarnarneskaupstaðar**

(Benedikt Sveinsson hrl.)

gegn

Jóhönnu Felixdóttur

(Kristinn Sigurjónsson hrl.)

Vinnusamningur. Uppsögn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júlí 1986, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. júní s.á. samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi krefst sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarsétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Telja verður ósannað, að samkomulag hafi orðið milli aðila um tímabundna endurráðingu stefndu, og þykir áfrýjandi verða að bera hallann af þeim sönnunarskorti. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Um vaxtaákvæðið athugist, að eftir að lög um dómvexti nr. 56/1979 hafa verið felld úr gildi með lögum nr. 25/1987, verður að skilja dómvaxtaákvæði héraðsdóms svo, að krafan beri vexti jafnháa hæstu innlánsvöxtum innlánsstofnana eins og þeir eru á hverjum tíma.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefndu 25.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.